

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar  
b.t. Rósu Guðbjartsdóttur, formanns og  
Guðlaugar Kristjánsdóttur, forseta  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Hafnarfjörður, 13. janúar 2015

### **Varðar: Krafa um afturköllun ólögmetrar ákvörðunar bæjarstjórnar**

Foreldrafélag Áslandsskóla mótmælir harðlega eftirfarandi ákvörðun bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar sem tekin var á fundi 26. nóvember sl.:

*„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að hætt verði við viðbyggingu Áslandsskóla sem áætlanir gerðu ráð fyrir að myndu kosta allt að 600-700 milljónir króna. Þess í stað verði fjárfest í innra starfi skólans sem taki forystu í innleiðingu upplýsingatækni í hafnfirsku skólastarfi. Það verði m.a. gert með því að spjaldtölvuvæða alla 5. - 10. bekki og auka stöðugildi í tölvuumsjón um 50% frá 1. janúar næstkomandi. Með þessu verður tölvustofa tekin undir almenna kennslu. Samhliða verði gerðar breytingar á niðurröðun í bekkjardeildir þannig að húsnæði Áslandsskóla ásamt lausum kennslustofum, sem nú eru við skólann, hýsi alla nemendur skólans með góðu móti án stækkunar.“*

Þá ítrekar foreldrafélagið umsögn skólaráðs vegna málsins frá 5. desember síðastliðinn. Í fyrrgreindri ákvörðun bæjarstjórnar felst að ekki verður af áður boðaðri nauðsynlegri stækkun húsnæðis Áslandsskóla, en þáverandi bæjarstjórn hafði löngu áður samþykkt fjárveitingu vegna stækkunarinnar.

Foreldrafélagið hefur verulegar athugasemdir við efni ákvörðunarinnar og telur hana hvað marga þætti varða vinna gegn lögbundnum menntunarskilyrðum nemenda í Áslandsskóla. Ríkar vísbendingar eru um að með fyrrnefndri ákvörðun bæjarstjórnar frá 26. nóvember sl. muni skilyrðum um lágmarksaðstöðu samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008, með síðari breytingum, sbr. einnig ákvæði reglugerðar um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða nr. 657/2009, ekki vera uppfyllt. Skólastarf nú og til framtíðar er í gríðarlegri óvissu vegna þessa og rekstrarfyrirkomulags húsnæðis skólans.

Auk þess skal athygli vakin á að umrædd ákvörðun bæjarstjórnar felur í sér meiriháttar breytingar á húsnæðismálum og starfsemi skólans og því var lögbundin skylda fyrir bæjarstjórn að undirbúa ákvörðunina í samráði við skólaráð og aðra hagsmunaaðila skólasamfélagsins. Fyrir liggur að bæjarstjórn

hafði ekki samráð við ráðið eða aðra, né var óskað umsagnar skólaráðsins áður en umrædd ákvörðun var tekin af bæjarstjórninni. Því fór málsmeðferð bæjarstjórnar gegn ákvæðum 8. og 20. gr. áðurnefndra grunnskólalaga nr. 91/2008, sbr. einnig 2. gr. áðurnefndrar reglugerðar nr. 657/2009. Ákvörðun bæjarstjórnar er því ólöglegt.

Vegna alls framangreinds krefst Foreldrafélag í Áslandsskóla að bæjarstjórn dragi án tafar umrædda ákvörðun frá 26. nóvember sl. til baka.

Verði hin ólöglega ákvörðun ekki afturkölluð hið fyrsta er óhjákvæmlegt að foreldrafélagið leiti réttar síns hjá öðrum stjórnvöldum, umboðsmanni Alþingis, umboðsmanni barna og eftir atvikum dómstólum.

Óskað er eftir skriflegum svörum vegna erindis þessa. Þar sem hin umrædda ólöglega ákvörðun bæjarstjórnar er, samkvæmt upplýsingum foreldrafélagsins, þegar komin til framkvæmda að hluta er óskað eftir svörum frá bæjarstjórn hið fyrsta eða eigi síðar en 21. janúar næstkomandi.

Virðingarfyllt,

f.h. Foreldrafélags Áslandsskóla

Afrit sent á:  
Fræðsluráð  
Skólaráð